



DÝRAFJARÐARGÖNG - RAUÐSSTAÐIR

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu

Greinargerð

12. maí 2017

Samþykktir

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr.
43. gr. skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn
þann _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í
B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Önnur skipulagsgögn

Dýrafjarðargöng – Rauðsstaðir. Tillaga að deiliskipulagsbreytingu. Skipulagsuppráttur, dags. 12. maí
2017, mkv. 1:2000 - blaðst. A1

1 Inngangur

1.1 Yfirlit

Gildandi deiliskipulag fyrir Dýrafjarðargöng var samþykkt 15. september 2016. Deiliskipulagið tekur til tveggja svæða í landi Rauðsstaða og Borgar í Borgarfirði sem er innfjörður í Arnarfirði, þ.e. efra og neðra svæði. Á neðra svæði er m.a. gert ráð fyrir vinnubúðum. Breyting þessi gerir ráð fyrir að skipulagssvæðið stækki með nýju svæði fyrir vinnubúðir, s.k. suðursvæði við Mjólká, og lóð fyrir vinnubúðir á neðra svæði falli út. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir steypustöð færast af neðra svæði yfir á það efra og heimild verður fyrir olúgeymi á efra svæði skipulagsins.

Einnig er í gildi deiliskipulag fyrir Mjólkárirkjun sem samþykkt var 15. apríl 2010 en svæðið sem hér um ræðir, þ.e. Suðursvæði, liggur innan skipulagsmarka þess. Unnið er að breytingu á deiliskipulaginu fyrir Mjólkárirkjun þannig að suðursvæðið er felld út, auk ýmissa annarra breytinga.

Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að heimila nauðsynlega aðstöðu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við jarðgöngin. Markmiðið er jafnframt að neikvæð umhverfisáhrif verði í lágmarki.

Um er að ræða tímabundna landnotkun í samræmi við gr. 5.3.2.10. um starfsmannabúðir í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Áætlað er að framkvæmdir við jarðgöngin hefjist árið 2017 og ljúki árið 2020. Að framkvæmdum loknum verða vinnubúðirnar fjarlægðar og gengið frá svæðinu þannig að það falli vel að landslaginu og gróðurfari í nágrenninu. Framkvæmdasvæðið er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og nýtur jafnframt hverfisverndar. Þar með er unnin greining á áhrifum breytingarinnar í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins fyrir hverfisverndarsvæði.

Skipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 en þar er gert ráð fyrir að Vestfjarðavegur nr. 60 verði lagður í göng á þessu svæði. Framkvæmd Dýrafjarðarganga hefur verið metin í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

1.2 Kynning og samráð

Gildandi deiliskipulag var samþykkt haustið 2016. Vegagerðin óskaði eftir heimild til að vinna breytingu á deiliskipulaginu og lagði skipulags- og mannvirkjanefnd það til við bæjarstjórn, á fundi sínum þann 26.4.2017, að heimila að hefja vinnu við skipulagsbreytingu. Bæjarstjórn samþykkti að heimila þá vinnu á fundi sínum þann 4.5.2017.

Þar sem um er að ræða breytingu á deiliskipulagi var ekki tekin saman lýsing á verkefninu í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Stækkun skipulagssvæðisins með s.k. suðursvæði liggur innan gildandi deiliskipulags fyrir Mjólkárirkjun frá 2010. Unnið er að breytingu á því deiliskipulagi en þar er m.a. gert ráð fyrir að skipulagsmörkin færast þannig að suðursvæðið falli nú utan þess skipulags. Skipulags- og mannvirkjanefnd fjallaði um ofangreinda tillögu að breytingu deiliskipulags fyrir Mjólkárirkjun á fundi sínum þann 26.4.2017 og lagði það til við bæjarstjórn að hún yrði auglýst. Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 4.5.2017 að auglýsa tillöguna.

Samráð var haft við Veðurstofu Íslands vegna hugsanlegrar hættu á ofanflóðum sunnan Mjólkár. Í kjölfarið vann Veðurstofan staðbundið hættumat, dags. 2.5.2017.

1.3 Staðhættir á Suðursvæði

Skipulagssvæðið er í Borgarfirði sem er innfjörður í Arnarfirði. Stækkun skipulagssvæðisins, þ.e. suðursvæði, er staðsett sunnan Mjólkár í landi Borgar. Suðursvæðið afmarkast af Mjólká í austri og norðri en Kotlæk í vestri og suðri. Norðan Mjólkár er stöðvarhús Mjólkárirkjunar, tengivirki, skemma og vinnusvæði. Þar fyrir norðan eru íbúðarhús tengd virkjuninni auk útihúsa en frístundabúskapur er stundaður á Borg.

Þjóðvegur nr. 60, Vestfjarðavegur, liggur meðfram svæðinu að vestanverðu. Í tengslum við gerð Dýrafjarðarganga er gert ráð fyrir að þjóðvegurinn færir um 100 m vestar. Vestan skipulagssvæðisins liggur einnig 66 kV rafmagnslína og símastrengur. Innan suðursvæðisins er áningarstaður á vegum Mjólkárveirar.

Vinnubúðir voru starfræktar á Suðursvæðinu á árunum 1971-1996 vegna Mjólkárveirar og eru innviðir því til staðar, s.s. aðkoma, rafveita, lýsing og vatns- og fráveita. Nánast allt svæðið er raskað og ber einkenni af því, ekki síst svæðið við ána. Ofan svæðisins eru fremur grösugar lyngbrekkur sem halla móti vestri en láglandi sunnan Mjólkár er fremur gróðurnautt. Suðursvæðið er vel sýnilegt frá nánast öllum Borgarfirðinum, allt frá Meðalnesi og út með Hjallkárseyrarhlíð.



Mynd 1.1 Séð að Mjólkárveirun. Suðursvæðið er til hægri á myndinni (Skjaskot af GoogleMaps).

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir vinnubúðum og vinnusvæði fyrir olíubirgðastöð og steypustöð við Hófsá. Skv. ábendingu frá landeiganda er staðsetningin óheppileg m.t.t. veðurs, en mjög hvasst getur orðið á þessum stað. Veður er mun hagstæðara við Mjólkána en þar hefur verið byggð í langan tíma.

Suðursvæðið er innan hverfisverndarsvæðis H1 í gildandi aðalskipulagi, eins og allt svæði gildandi deiliskipulags. Hverfisverndinni er ætlað að varðveita sérkenni svæðanna, þ.e. menningar- og náttúruminjar á afskekktum svæðum og hálendi. Svæðið er utan svæðis nr. 311 á Náttúruminjasrá.

Fornminjar voru skráðar vegna umhverfismats ganganna. Engar minjar eru skráðar innan suðursvæðisins, þær nálægustu eru um 350 m suðvestan þess.

Um staðhætti á öllu skipulagssvæðinu er vísað til gildandi deiliskipulags.

2 Umhverfisáhrif

Í aðalskipulaginu er sett fram sú stefna að við gerð deiliskipulags, á hverfisvernduðum í dreifbýli skuli gerð greining á áhrifum þess, í samræmi við staðlaða matstöflu sem birt er í viðauka B í greinargerð þess. Markmiðið með þessu er að tryggja að við ákvarðanatöku sé tillit tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Matstaflan er birt í viðauka.

Niðurstaða greiningarinnar er að áhrif þess að reisa vinnubúðir sunnan Mjólkár eru hverfandi. Svæðið hefur áður verið nýtt fyrir vinnubúðir, innviðir eru til staðar og svæðið ber einkenni af fyrri nýtingu.

Mestar líkur á neikvæðum áhrifum eru vegna áningarstaðarins en þau áhrif verða líklega takmörkuð og í skamman tíma.

Með því að falla frá því að reisa vinnubúðirnar við Hófsá er dregið úr hugsanlegu raski þar.

Að framkvæmdum loknum er gert ráð fyrir að vinnubúðir verði fjarlægðar og gengið frá svæðinu, þ.m.t. eldra raski. Með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi verða áhrif af vinnubúðum óveruleg til langs tíma litið.

3 Skipulagsákvæði

Skipulagsbreytingin felst í því að skipulagssvæðið stækkar um 1,75 ha með nýju svæði við Mjólka og verður deiliskipulagið í heild því tæpur 41 ha að stærð á þremur svæðum. Svæðið er auðkennt sem suðursvæði, en innan þess er gert ráð fyrir einni lóð fyrir tímabundnar vinnubúðir sem setja þarf upp vegna framkvæmda við Dýrafjarðargöng. Lögð er áhersla á að gengið verði vel um landið, með það í huga að því verði skilað aftur. Lóð fyrir vinnubúðir á neðra svæði fellur út og heimild fyrir steypustöð færast á efra svæði. Jafnframt bætist við heimild fyrir olúgeymi á efra svæði gildandi deiliskipulags.

3.1 Efra svæði

Lóðin Vinnusvæði I er á efra svæðinu og í gildandi deiliskipulagi eru tilgreind þau mannvirki sem heimilt er að staðsetja á henni. Við það bætist heimild fyrir steypustöð og allt að 45.000 l neyslugeymi fyrir olíu til notkunar á framkvæmdatíma ganganna. Steypustöðin og geymirinn skulu staðsett innan byggingarreits.

Geymsla á olíu er starfsleyfis- og eftirlitsskyld skv. reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 35/94. Verkstæðisaðstaða með steypu plani tengdu olúskilju og steypustöðvar eru starfsleyfisskyldar skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða veitir starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Að öðru leyti gilda ákvæði gildandi skipulags.

3.2 Neðra svæði

Lóð fyrir vinnubúðir fellur út ásamt tilheyrandi ákvæðum.

Heimild fyrir steypustöð fellur út ásamt tilheyrandi ákvæðum.

Að öðru leyti gilda ákvæði gildandi skipulags.

3.3 Suðursvæði

3.3.1 Vinnubúðir

Gert er ráð fyrir 1,15 ha lóð fyrir vinnubúðir ofan vegar en neðan Mjólkár. Innan byggingarreits er heimilt að reisa einn eða fleiri svefnskála, samtals allt að 1200 m².

Byggingarreitur er að hluta til nær Mjólka en 50 m. Áin er hluti af Mjólkárveikjun og er þurr á ákveðnum tímabilum. Reiturinn er einnig nær núverandi þjóðvegi en 100 m en gert er ráð fyrir að vegurinn færast rúmum 100 m vestar.

Vinnubúðirnar skulu fjarlægðar innan eins árs eftir að framkvæmdum við jarðgöngin lýkur. Landeiganda er heimilt að nýta lóðina aftur fyrir tímabundnar vinnubúðir.

Vinnubúðir eru starfsleyfisskyldar skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Eldhúsaðstaða skal vera í skv. Lögum um matvæli nr. 93/1995 og reglugerð nr. 106/2010. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða veitir starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3.3.2 Aðkomuvegir og bílastæði

Aðkomuvegur að áningarstaðnum skal nýttur sem aðkoma að bílastæðum fyrir vinnubúðirnar. Fjöldi bílastæða á lóðinni er sýndur á uppdrætti. Lega bílastæða er sýnd til skýringar en þau skulu staðsett þannig að þau valdi sem minnstum varanlegum áhrifum á landið. Bílastæði, önnur en þau sem nýtast áningarstaðnum, skulu fjarlægð innan eins árs frá því að framkvæmdum við jarðgöngin lýkur.

3.3.3 Lagnir og veitukerfi

Gert er ráð fyrir að nýta þær veitur sem þegar eru á staðnum, þ.e. rafmagn, neysluvatn og fráveitu. Neysluvatn skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/1995. Fráveita skal leidd í rotþró í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 og kröfur heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Þegar vinnubúðirnar verða fjarlægðar skal gengið frá veitulögnum þannig að mögulegt verði að nýta þær fyrir vinnubúðir sem kunna að verða reistar síðar.

3.3.4 Fornminjar

Engar fornminjar eru þekktar á svæðinu. Ef fornminjar sem ekki hafa verið skráðar finnast við framkvæmd á svæðinu skal stöðva hana án tafar og tilkynna til Minjastofnunar Íslands, í samræmi við 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar. Fornminjum, sbr. 3. mgr. 3. gr. sömu laga, má enginn spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

3.3.5 Náttúruvá

Staðbundið hættumat fyrir vinnubúðarsvæðið við Mjólka var unnið af Veðurstofu Íslands í maí 2017. Niðurstaða Veðurstofunnar var að ofanflóðahætta á byggingarreit vinnubúðanna væri ásættanleg.

3.3.6 Áningarstaður og göngu- og reiðleið

Áfram er gert ráð fyrir áningarstað á núverandi stað. Áningarstaðurinn og aðkoma að honum frá nýrri veglínu skal falla vel að landslagi og umhverfi. Taka skal mið af því að í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að göngu- og reiðleið meðfram skipulagssvæðinu.

3.3.7 Frágangur

Ganga skal um skipulagssvæðið með það í huga að um tímabundna landnotkun er að ræða. Innan eins árs frá lokum gangagerðar skal gengið frá landinu þannig að það falli vel að landslaginu og gróðurfari ofan þess, þó með það í huga að lóðin kann að verða nýtt aftur síðar.

Stæði húsa og umferðasvæði, sem ekki verða nýtt fyrir áningarstaðinn, skulu jöfnuð og löguð að aðliggjandi landslagi. Sáð skal í sárin með fræblöndu sem fellur vel að grenndargróðri. Leitast skal við að afmá öll ummerki eftir tæki utan umferðasvæða.

VIÐAUKI

Greining á áhrifum deiliskipulagsbreytingar

Matstafla vegna greiningar á áhrifum deiliskipulagsbreytingarinnar

Heiti deiliskipulags	Dýrafjarðargöng – Rauðsstaðir - SUÐURSVÆÐI				
Meginmarkmið deiliskipulagsins	Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að heimila nauðsynlega aðstöðu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við jarðgöngin. Markmiðið er jafnframt að neikvæð umhverfisáhrif verði í lágmarki.				
Umfang	Stærð svæðis		Áætlað hlutfall af heildarstærð landareignar (%)		
	1,75 ha		<5		
Svæði	Arnarfjörður				
Skilgreining í gildandi aðalskipulagi	Landnotkun	Hverfisverndarsvæði (auðkenni)	Svæði á Náttúruminjaskrá	Vatnsverndarsvæði	Minjar á Fornleifaskrá
	Landbúnaðarland	H1	Nei	Nei	0
Stutt lýsing á staðháttum	<p>Skipulagssvæðið er í Borgarfirði sem er innfjörður í Arnarfirði. Stækkun skipulagssvæðisins, þ.e. Suðursvæði, er staðsett sunnan Mjólkár í landi Borgar. Suðursvæðið afmarkast af Mjólká í austri og norðri en Kotlæk í vestri og suðri. Norðan Mjólkár er stöðvarhús Mjólkárvirjunar, tengivirki, skemma og vinnusvæði. Þar fyrir norðan eru íbúðarhús tengd virkjuninni auk útihúsa en frístundabúskapur er stundaður á Borg.</p> <p>Þjóðvegur nr. 60, Vestfjarðavegur, liggur meðfram svæðinu að vestanverðu. Í tengslum við gerð Dýrafjarðarganga er gert ráð fyrir að þjóðvegurinn færist um 100 m vestar. Vestan skipulagssvæðisins liggur einnig 66 kV rafmagnslína og símastrengur. Innan Suðursvæðisins er áningarstaður á vegum Mjólkárvirjunar.</p> <p>Vinnubúðir voru starfræktar á Suðursvæðinu á árunum 1971-1996 vegna Mjólkárvirjunar og eru innviðir því til staðar s.s. aðkoma, rafveita, lýsing og vatns- og fráveita. Nánast allt svæðið er raskað og ber einkenni af því, ekki síst svæðið í og við ána. Ofan svæðisins eru fremur grösugum lymbrekkur sem halla móti vestri en láglandi sunnan Mjólkár er fremur gróðursnautt. Suðursvæðið er vel sýnilegt frá nánast öllum Borgarfirðinum; allt frá Meðalnesi og út með Hjallkárseyrarhlíð.</p> <p>Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis H1 í gildandi aðalskipulagi. Svæðið er utan svæðis nr. 311 á Náttúruminjaskrá.</p> <p>Engar minjar eru skráðar innan Suðursvæðisins, þær nálægustu minjar eru um 350 suðvestan þess.</p>				

Umhverfispáttur	Núverandi ástand fyrir deiliskipulag						Framkvæmd skv. fyrirhuguðu deiliskipulagi						Þættir til athugunar
	--	-	0	+	++	?	--	-	0	+	++	?	
Byggð									X				-Samsvörun við landslag og núverandi byggð -Byggðamynstur -Sérstaða -Ásýnd svæðisins miðað við fyrri búsetu -Staðsetning byggðar miðað við fyrri búsetu
	Skýringar Landbúnaðarland skv. skipulagi. Landið er raskað.						Skýringar Á ekki við – allar byggingar verða fjarlægðar að framkvæmd lokinni.						
Byggingar og önnur mannvirki									X				-Samsvörun húsagerðar, stærðarhlutfalla og efnisnotkunar við þann byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu -Lóðarstærðir miðað við umhverfi -Heildarstærð framkvæmdasvæðis miðað við umhverfi
	Skýringar Landbúnaðarland skv. skipulagi. Ýmis ólík mannvirki á svæðinu.						Skýringar Á ekki við – allar byggingar verða fjarlægðar að framkvæmd lokinni.						
Eignir og efnisleg verðmæti									X				-Efnisleg verðmæti lands, húsa eða annarra mannvirkja -Aðrir þróunarmöguleikar -Áhrif á aðliggjandi landareignir
	Skýringar Í Mjólka er virkjun og íbúðir fyrir starfsmenn. Svæðið er einangrað yfir vetrartímann.						Skýringar Vinnubúðirnar verða mjög nærri stöðvarhúsum Mjólkárviðvirkjunar. Ólíklegt er að þær hafi áhrif á verðmæti eigna á svæðinu.						

Gróður og dýralíf	--	-	0	+	++	?	--	-	0	+	++	?	-Gróðurfar -Dýralíf og búsvæði dýra -Líffræðileg fjölbreytni -Sérstaða
									X	X			
	Skýringar Svæðið, þ.m.t. Mjólkáin, er raskað og ber einkenni fyrri nýtingar.						Skýringar Ólíklegt er að vinnubúðirnar hafi áhrif á gróður og dýralíf. Með færslu búðanna er svæðum við Hófsá hlíft, en þar er gert ráð fyrir vinnubúðunum í gildandi deiliskipulagi.						
Heilsa og öryggi	--	-	0	+	++	?	--	-	0	+	++	?	-Mengun -Slyshætta, hávaði eða annars konar ónæði -Hætta vegna náttúruvár, s.s. ofanflóð, sjávarflóð eða ofsaveður
									X	X			
	Skýringar Við svæðið liggur malarvegur sem er mjög fáfarinn yfir vetrartímann og jafnvel lokaður. Byggingarsvæði Mjólkárveirunnar er handan Mjólkár en þar eru líka íbúðir fyrir starfsmenn.						Skýringar Vinnubúðirnar verða fjær vinnusvæðum vegna gangagerðar en nær byggingarsvæði Mjólkárveirunnar. Skv. staðbundnu hættumati Veðurstofunnar er áhætta á vinnubúðasvæðinu ásættanleg, líkt og á vinnubúðasvæði gildandi deiliskipulags. Aðstæður verða því áþekkar hvað varðar ofanflóð. Skv. ábendingu landeiganda er veður hagstæðara við Mjólkár en við Hófsá.						
Innviðir	--	-	0	+	++	?	--	-	0	+	++	?	-Samnýting innviða, s.s. veitna -Aðlögun innviða að umhverfi -Umferð og samgönguleiðir -Þjónusta
									X	X			
	Skýringar Veitur eru til staðar á svæðinu.						Skýringar Ekki þarf að leggja nýjar veitur á svæðinu. Svæðinu við Hófsá verður hlíft við nýjum veitum.						

Landbúnaður	--	-	0	+	++	?	--	-	0	+	++	?	-Landbúnaðarland -Áhrif deiliskipulags á búrekstur á jörðinni -Aðrir þróunarmöguleikar á jörðinni
	Skýringar Landbúnaðarland skv. gildandi aðalskipulagi. Svæðið er ekki nýtt til landbúnaðar.						Skýringar Engin áhrif á landbúnað.						
Landslag og náttúra	--	-	0	+	++	?	--	-	0	+	++	?	-Landslagsheildir -Sérstaða -Lítt snortin náttúra -Friðlýstar náttúruminjar -Náttúrufrýrbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum ¹ -Heildarmynd svæðisins -Náttúrulegt landslag og sjaldgæf fyrirbrigði
	Skýringar Hefðbundið á vestfirska vísu. Mannvirki Mjólkárviðkjunar eru nokkuð áberandi í landslagi fjarðarins. Skipulagssvæðið er innan hverfisverndarsvæðis H1 í gildandi aðalskipulagi.						Skýringar Vinnubúðirnar verða mjög nærri stöðvarhúsum Mjólkárviðkjunar og munu því ekki skera sig úr í landslaginu. Vinnubúðirnar munu þó geta skyggt á Mjólkána frá ákveðnum sjónarhornum en áhrifin verða mjög takmörkuð og til skamms tíma. Til langs tíma hefur framkvæmdin engin áhrif á gildi hverfisverndarsvæðisins.						
Menningar- minjar og saga	--	-	0	+	++	?	--	-	0	+	++	?	-Fornminjar -Varðveisla húsa og búsetumínja sem eru frá því fyrir 1950 -Búsetulandslag og menningarsaga -Bæjarleiðir -Sérstaða -Kennileiti
	Skýringar Engar fornminjar eru skráðar innan skipulagssvæðisins eða nærri því.						Skýringar Engar minjar eru í hættu og áhrif á ásýnd búsetulandslagins er hverfandi.						

Útivist og upplifun	--	-	0	+	++	?	--	-	0	+	++	?	<p>-Sérstaða</p> <p>-Aðgengi, framboð og gæði útivistarsvæða</p> <p>-Strandsvæði, ásýnd og útsýni til sjávar</p> <p>-Sýnileiki framkvæmda</p>
								X	X				
	<p>Skýringar</p> <p>Áningarstaður er innan skipulagssvæðisins.</p>						<p>Skýringar</p> <p>Á framkvæmdatíma getur skapast ónæði á áningarstaðnum og eins getur verið ónæði frá áningarstaðnum fyrir starfsmenn. Áhrifin verða þó takmörkuð þar sem um tímabundnar vinnubúðir er að ræða og áningarstaðurinn er aðeins nýttur hluta úr ári.</p>						
Vatn og lífríki	--	-	0	+	++	?	--	-	0	+	++	?	<p>-Vatnsgæði og vatnabúskapur</p> <p>-Votlendi</p> <p>-Sérstaða</p>
								X	X				
	<p>Skýringar</p> <p>Skipulagssvæðið liggur að Mjólká.</p> <p>Þegar Mjólká var virkjuð árið 1958 breyttust aðstæður fyrir dýralíf í ánni. Við ákveðnar aðstæður er ekkert rennsli til sjávar og því er ekki um neina fiskgengd að ræða í Mjólká.</p>						<p>Skýringar</p> <p>Áhrif vinnubúða á lífríki Mjólkár eru lítil umfram það sem þegar er orðið vegna virkjunar árinna.</p>						
Aðrar áætlanir	--	-	0	+	++	?	--	-	0	+	++	?	<p>-Samræmi við markmið gildandi aðalskipulags</p> <p>-Samræmi við aðrar áætlanir, s.s. aðliggjandi deiliskipulag, verndaráætlun eða Staðardagskrá 21</p>
								X	X				
	<p>Skýringar</p> <p>Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag, sem gerir ráð fyrir Dýrafjarðargöngum og Mjólkárveikjun.</p> <p>Framkvæmdin er í samræmi við aðrar áætlanir s.s. umhverfisstærð Vestfjarða.</p>												

Mótvægis- aðgerðir	<p>Ganga skal um skipulagssvæðið með það í huga að um tímabundna landnotkun er að ræða. Innan eins árs frá lokum gangagerðar skal gengið frá landinu þannig að það falli vel að landslaginu og gróðurfari ofan þess, þó með það í huga að lóðin kann að verða nýtt aftur síðar.</p> <p>Stæði húsa og umferðasvæði, sem ekki verða nýtt fyrir áningarstaðinn, skulu jöfnuð og löguð að aðliggjandi landslagi. Sáð skal í sárin með fræblöndu sem fellur vel að grenndargróðri. Leitast skal við að afmá öll ummerki eftir tæki utan umferðasvæða.</p>
Niðurstaða	
<p>Áhrif þess að reisa vinnubúðir sunnan Mjólkár eru hverfandi. Svæðið hefur áður verið nýtt fyrir vinnubúðir, innviðir eru til staðar og svæðið ber einkenni af fyrri nýtingu. Mestar líkur á neikvæðum áhrifum eru vegna áningarstaðarins en þau áhrif verða líklega takmörkuð og í skamman tíma.</p> <p>Með því að falla frá því að reisa vinnubúðirnar við Hófsá er dregið úr hugsanlegu raski þar.</p> <p>Að framkvæmdum loknum er gert ráð fyrir að vinnubúðir verði fjarlægðar og gengið frá svæðinu, þ.m.t. eldra raski. Með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi verða áhrif af vinnubúðum óveruleg til langs tíma litið.</p>	

Skýringar

++	Veruleg jákvæð áhrif	-	Neikvæð áhrif
+	Jákvæð áhrif	--	Veruleg neikvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við	?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar

¹ Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum:

- ✓ Stöðuvötn og tjarnir sem eru 1000² m eða stærri
- ✓ Mýrar og flóar, 3 ha eða stærri
- ✓ Fossar, hverir og aðrar heita uppsprettur
- ✓ Sjávarfitjar og leirur